

Mál nr. 150/2015**M
og
vátryggingafélagið V v/ farangurstryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er farangur hvarf úr geymslu á hóteli.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 13.4.2015, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 4.5.2015.

Málsatvik.

Samkvæmt fyrirliggjandi tjónstilkynningu hafði M hinn 26.6.2014 skilið bakpoka sinn (í tilkynningunni ritað „töskuna mína“) eftir ásamt ferðatösku í farangursgeymslu hótels í bænum Lloret de Mar á Spáni. Er hann kom aftur til að vitja farangursins hafði bakpokanum verið stolið úr geymslunni.

M er vátryggður samkvæmt farangurstryggingu erlendis sem er liður í fjölskyldutryggingu hjá V. Hefur hann krafist bóta úr farangurstryggingunni vegna þjófnaðar á bakpokanum. V telur að M hafi ekki fylgt varúðarreglum sem mælt er fyrir um í skilmálum fyrir farangurstrygginguna, annars vegar í gr. 17.1 þar sem segir að vátryggður skuli loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum þar sem hinir vátryggðu munir eru skildir eftir og hins vegar í gr. 17.2 um að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Með því að M hafi brotið gegn þessum varúðarreglum hefur V hafnað bótakröfu M.

Álit.

Skýrsla lögreglu á Spáni liggur fyrir í málinu. Hún er rituð á spönsku. Íslensk þýðing hennar er ekki fyrir hendi og því ekki vitað um efni hennar. Getur skýrslan því ekki komið til frekari skoðunar við úrlausn málsins.

Í 16. gr. vátryggingarskilmálanna er bótaskyld farangurstryggingarinnar afmarkað, en skv. gr. 16. 2 bætir vátryggingin tjón sem verður á hinum vátryggða farangri vegna þjófnaðar úr híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum. V hefur ekki borið fyrir sig að tjónið falli utan gildissviðs vátryggingarinnar. Það ber á hinn bóginn fyrir sig að með broti á fyrrgreindum varúðarreglum hafi M glatað rétti til bóta. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki annað ráðið en M hafi geymt farangurinn í læstri geymslu á hótelinu. V hefur sönnunarbyrði um að M hafi brotið þær varúðarreglur sem það ber fyrir sig og að tjónið verði rakið til brots á þeim. Ekki þykir hafa verið sýnt fram á að tjónið verði rakið til þess að M hafi vanrækt að læsa híbýlum þar sem bakpokinn var geymdur. Þá verður heldur ekki talið að með því að geyma farangur sinn í farangursgeymslu hótelsins hafi M skilið við bakpokann eftirlitslausan á almannafæri. Samkvæmt þessu hefur ekki verið sýnt fram á að tjón M megi rekja til þess að brotið hafi verið gegn framangreindum varúðarreglum þannig að V geti hafnað bótum eða skert bótarétt hans að öðru leyti. M á því rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á óskertum bótum úr farangurstryggingu hjá V.

Reykjavík, 13. maí 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.